

**Matvælastofnun (Mast)**  
**Jón Baldur Lorange**  
**Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu**

Febrúar 2022

## Ársskýrsla vegna ullarsöfnunar 2021

Ístex hf. fékk stuðning til ullarsöfnunar 2020 samkvæmt reglugerð nr. 1183/2017, III KAFLI ullarnýting. Í samningi við Matvælastofnun skal Ístex hf. skila ársskýrslu um ullarnýtingu fyrir tímabilið 1. nóvember 2020 til 31. október 2021. Ístex hf. telur sig að hafa uppfyllt öll þau skilyrði við söfnun sem bent er á í samningnum, þ.m.t. að útvega umbúðir til afhendingar, að sækja alla vinnsluhæfa ull á landinu og að áfram vinna yfir 30% af allri ull á Íslandi

Ullarsöfnun var um margt sérstök á tímabilinu. Sölutregða á hráull vegna Covid-19 hafði nokkur áhrif á byrjun ullarsöfnunar í nóvember og desember 2020. Þá var óvenju mikið af óseldri ull við þvottastöð á Blönduós og óljóst með framhaldið. Til að halda kostnaði niðri við ullarþvott voru kvöldvaktir ekki settar á fyrr en í byrjun janúar. Þetta olli því að ekki var hægt að taka við eins mikilli ull og venjulega í nóvember og desember. Hins vegar fór þetta að ganga betur strax í byrjun árs 2021, en þá glæddist með sölu og vel gekk að sækja og taka við ull. Um mið febrúar hafði verið tekið við sambærilegu magni af ull og fyrri ár. Skortur var á ullarpokum um vorið, þar sem Covid-19 olli töfum á framleiðslu og sendingu á pokunum. Ullarpokar sem áttu að berast í lok janúar, komu í byrjun október. Til að brúa þetta bil voru keyptir 3 aðrar gerðir frá mismunandi framleiðendum á Bretlandseyjum og á Íslandi, þ.e. minni pokar (fyrir 10 kg af ull) og 1.000 kg pokar. Þannig að ull komst til skila.

## Nýjungar

Sífelld er leitað leiða til að auka verðmæti og þekkingu á ull. Ullarmat.is hefur þróast í að vera miðpunktur í samskiptum við bændur um ullarmál. Á tímabilinu komu um 4.616 einstakir gestir.

## Pressunúmer og strikamerki

Allir ullarbalur frá þvottastöð eru nú merktir með rekjanlegu pressunúmeri og strikamerkingum samkvæmt GS1-128. Haldið er utan um hvert hver bali fer.

## Ullarpokar

Litlu ullarpokarnir sem voru fengnir til að fylla upp í pokavöntun í vor reyndust vel fyrir smærri aðila og stök sauðalitareyfi. Þá þakkað þeir vel með venjulegum pokum. Hugmyndin er því að bjóða áfram upp á minni poka til að spara hráefni og lækka umbúðarkostnað.

## Ullarsöfnun

Ístex skuldbatt sig að safna allri vinnsluhæfri ull frá öllum framleiðendum sem þess óskuðu. Á tímabilinu safnaði Ístex hf. um 804 tonnum af ull frá 1.261 ullarframleiðendum um allt land.

	Óhrein ull	Þvegin ull
Snoð Hvítt	75.048	52.533
Hvít heilsársull	71.081	49.757
H-Lamb	23.602	18.882
H-1 Flokkur	158.399	126.719
H-2 Flokkur	176.459	141.168
H-2 Flokkur Lamb (lítið gölluð)	36.389	29.111
H-3 Hvítt	68.952	48.266
M-Svart	22.050	17.640
M-Grátt	22.666	17.709
M-Mórautt	12.752	9.945
M-2 Flokkur	98.832	75.617
M-2 Lamb mislit	5.809	4.647
Úrkast	4.731	0
<b>Samtals</b>	<b>776.770</b>	<b>591.994</b>

Ístex neitaði engum ullarframleiðenda um að taka á móti vinnsluhæfri ull frá þeim. Stærsti hluti þess sem var sett í úrkast (tæplega 5 tonn), þar sem þau voru ekki hæf til vinnslu, var mikið þæfð ull, t.d. með snoð utan á eða með miklum skítakleprum. Engin vafamál fóru fyrir Ullarmatsnefnd. Frekari upplýsingar um ullarframleiðsluna má sjá í meðfylgjandi skýrslum úr Bændatorgi og af Ullarmati.is.

## Móttökustöðvar og umbúðir

Ístex setti upp söfnunarkerfi, eins og lýst var í umsókn og auglýst til bænda, m.a. í Bændablaðinu og á [www.istex.is](http://www.istex.is). Það voru um 50.000 af þar til gerðum ullarpökum dreift til bænda í gegnum 20 umboðsmenn. Þá komu um 7 flutningsaðilar beint að ullarflutningum. Ullarframleiðandi, sem var lengra en 100 km frá söfnun, var samið við sérstaklega fyrir flutning á ullinni að söfnunarstað.

## Íslensk vinnsla

Ístex keypti af bændum 592 tonn af hreinni ull. Mikil sala var á handprjónabandi, þannig að hlutfallið af ull sem fór til vinnslu hérlendis var vel yfir 30%. Einungis annar flokkur og lakari ull var seld erlendis.

## Lærdómur

Það er nokkur atriði sem mætti taka til skoðunar til að bæta ullarsöfnunarferilinn. Þar mætti nefna

- Finna framtíðarform fyrir ullarmatsnefnd, lögverndun ullarmatsmanna og skoða hvort það sé grundvöllur fyrir flokkunarnámsskeiðum
- Tryggja betur og efla samskipti bænda beint við flutningsaðila
- Minnka magn af úrkasti sem sent er í ullarþvottastöðina, þar sem það er kostnaðarsamt og skilur eftir sig óþarfa kolefnisfótspor

## Lokaorð

Ístex hf setti upp ullarsöfnunarkerfi sem bæði uppfyllti þau skilyrði sem voru í samningi við Matvælastofnun og styrkti bændur um allt land til að afhenda á sem auðveldasta máta alla vinnsluhæfa ull til frekari vinnslu. Þeirri vinnsluhæfri ull var vel yfir 30% áfram unnin á Íslandi. Ekki hika að spyrja ef frekari upplýsinga er óskað um ullarsöfnun 2021.



---

Sigurður Sævar Gunnarsson  
Framkvæmdastjóri Ístex